

## Fundargerð fimmta aðalfundar Upplýsingar - Félags bókasafns- og upplýsingafræða 10. maí 2004

Á fundinn mættu um 30 félagar. Formaður, Þórdís T. Þórarinsdóttir setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og tilnefndi fundarstjóra Eydísí Arnviðardóttur og fundarritara Guðbjörgu Harðardóttur og Aðalbjörgu Sigþórsdóttur, sem fundurinn samþykkti.

Eydís tók við fundarstjórn og gengið var til dagskrár.

- a) **Skýrsla stjórnar.** Þórdís T. Þórarinsdóttir flutti ágríp af ýtarlegri skýrslu stjórnar sem fundarmenn höfðu fengið í hendur. Meðal annars sagði hún að haldnir hefðu verið 19 stjórnarfundir á starfsárinu. Stjórnin hefði unnið að kynningu á félaginu og sent á haustdögum kynningarefni um málefni bókasafna til allra ráðherra og alþingismanna m.a. í tilefni af skipan Nefndar um lög um bókasöfn sem sagt var frá á síðasta aðalfundi. Samkvæmt beiðni menntamálaráðuneytisins tilnefndi stjórnin aðalfulltrúa og varafulltrúa í ráðgjafanefnd um málefni almenningsbókasafna til 3ja ára og fulltrúa í Faghóp um millisafnlán samkvæmt beiðni Landsbókasafns Íslands- Háskólabókasafns. Unnið er að ritun „Sögu íslenskra bókavardaafélaga“. Bæklingur um fræðsluefni um nýtingu á upplýsingatækni liggur nú fyrir í handriti og stefnt er að útgáfu hans á heimasíðu félagsins fyrir haustið. Félaginu hefur borist boð frá Statens kulturråd um að tilnefna til verðlauna úr minningarsjóð Astrid Lindgren. Þórdís nefndi einnig að fyrir dyrum stæði vorráðstefna NVBF hér í Reykjavík í byrjun júní. Upplýsing á aðild að XII NORD I&D ráðstefnunni í Álaborg í byrjun september. Þriðji Landsfundur Upplýsingar verður haldinn í september nk.

Orðið var gefið laust um skýrslu formanns en enginn kvaddi sér hljóðs.

- b) **Skýrslur hópa og nefnda.**

1. Úthlutun úr ferðasjóði Upplýsingar: Lilja Ólafsdóttir gjaldkeri sagði að óvenju margar umsóknir hefðu borist um styrki úr ferðasjóði eða 18 alls og að allar umsóknir hefðu verið samþykktar í þetta sinn sem væri þó undantekning og að ekki væri hægt að veita svo marga styrki árlega og las hún síðan upp þá sem fegnu úthlutun úr ferðasjóði Upplýsingar.
2. Svava H. Friðgeirsdóttir flutti samantekt úr skýrslum hópa og nefnda.

- c) **Reikningar félagsins 2003.** Reikningar félagsins voru bornir upp og skýrðir af Lilju Ólafsdóttur gjaldkera. Engar fyrirspurnir voru um reikningana og þeir samþykktir samhljóða. d) **Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.** 1. Framkvæmdaáætlun stjórnar fyrir 2004-2005 flutti formaðurinn Þórdís T. Þórarinsdóttir. 2. Lilja Ólafsdóttir flutti fjárhagsáætlun.

Fyrirspurn barst frá Báru Stefánsdóttur um hvort að afskrifuð útistandandi árgjöld væri raunhæf tala og svaraði Lilja því að hún væri ekki óraunhæf. Einnig barst fyrirspurn um hvort ekki væri full harkalegt að félagsmenn féllu út af félagaskrá ef árgjald væri ekki greitt fyrir aðalfund. Svaraði Lilja því til að það væri ekki rétt heldur að þeir sem skulda árgjöld detta út af útsendingalista vegna Fregna og Bókasafnisins. Þórdís stóð upp og svaraði því einnig að hér væri um misskilning að ræða því að ef ekki væri búið að greiða árgjaldið fyrir 2003 þá bærisk blaðið Fregnir ekki til félagsmanns, en hann félli ekki út af félagaskrá. Félagsmenn sem greitt hefðu árgjald 2003 fengu 1. tbl. Fregna án þess að vera búnir að greiða árgjald 2004 en ekki væri um frekari útsendingar að ræða nema árgjaldið væri greitt.

- e) **Árgjald.** Stjórn lagði til að árgjaldið yrði óbreytt, kr. 4.500,- sem fundurinn samþykkti samhljóða og hefur það ekki hækkað frá árinu 2000.
- f) **Lagabreytingar.** Engar tillögur um lagabreytinganefndar bárust til stjórnar.

- g) **Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5. gr.** Svava H. Friðgeirsdóttir gaf ekki kost á sér áfram í stjórn. Vala Nönn Gautsdóttir gaf kost á sér sem varaformaður (annað kjörtímabil hennar í stjórn) og var það samþykkt einróma. Guðbjörg Harðardóttir gengur úr stjórn af persónulegum ástæðum en kjörtímabili hennar lýkur í raun ekki fyrir en eftir ár. Ingibjörg Baldursdóttir (Flataskóla) og Fanney Sigurgeirsdóttir (Lbs- Hbs) gáfu kost á sér í stjórn og var það einnig samþykkt samhljóða. Svava H. Friðgeirsdóttir gaf kost á sér sem varamaður í stað Maríu Hrafnisdóttur Skólasafni Garðaskóla (2002) og var það einnig samþykkt.
- h) **Kosning skoðunarmanna reikninga.** Er óbreytt.
- i) **Kosning í nefndir.** Í ritnefnd Bókasafnsins gaf Dögg Hringsdóttir ritstjóri ekki kost á sér áfram svo að í hennar stað kemur Eva Sóley Sigurðardóttir. Gjaldkerinn Hadda Þorsteinsdóttir hætti um áramótin og í hennar stað tekur Kristín Ingunnardóttir við gjaldkerastörfum, auk þess gaf Hallfríður Baldursdóttir kost á sér í ritnefnd. Í lagabreytinganefnd gaf Ída M. Jósepsdóttir, Kaupþingi Búnaðarbanka hf. (frá 2000) ekki kost á sér áfram svo Svava H. Friðgeirsdóttir tekur við í hennar stað. Breytingar í Fræðslu- og skemmtinefnd eru þær að Sigurður J. Vigfússon og Þórhallur Þórhallsson gáfu ekki kost á sér áfram og koma þær Svava H. Friðgeirsdóttir og Sigurbjörg Björnsdóttir (Foldasafni) í þeirra stað. Allir aðrir fulltrúar Upplýsingar í stjórnnum og nefndum gáfu kost á sér áfram. Kosið var í uppstillingarnefnd fyrir aðalfund 2005 varð Svava H. Friðgeirsdóttir fyrir valinu og mun hún finna einhvern félagsmann með sér í það.
- j) **Önnur mál.**

Afhending viðurkenninga fyrir bestu íslensku fræðibækurnar, fyrir börn og fyrir fullorðna fyrir árið 2003. Þórdís T. Þórarinsdóttir lýsti kjöri á fræðibókinni fyrir fullorðna, bókinni *Úr torfbæjum inn í tækniöld* sem Árni Björnsson er m.a. höfundur að, Magnús Kristinsson ritstýrði, myndaritstjóri er Örlygur Hálfðánarson og Bókaútgáfan Örn og Örlygur gaf út. Ritið er í tveimur meginþáttum. Annars vegar er í fyrsta bindinu umfjöllun Árna Björnssonar þjóðháttufræðings, Íslenskt mannlíf á milli stríða, þar sem hann dregur upp mynd af íslensku þjóðfélagi og menningarástandi á tímabilinu 1918-1940 og ber saman við fyrri og seinni tíma. Í öðru og þriðja bindi eru ferðalýsingar, frásagnir og ljósmyndir nokkurra þýskra karla og kvenna sem dvöldust hér á landi á sama tímabili. Texti og myndir falla vel saman og bókinn ber vitni um smekkvísi þeirra sem að henni standa. Úrslitaáhrif við val hafði umfjöllunin um tímabilið frá 1918 til 1940 í fyrsta bindinu og afar vandaðar hjálparskrár sem fylgja ritinu og auðvelda aðgengi notenda að efni þess. Notagildi ritsins er mikið, sérstaklega þar sem hér er gefið heildstætt yfirlit yfir millistríðsárin. Ritið er aðgengileg handbók um efnið sem stenst jafnframt fræðilegar kröfur. Viðurkenningar voru afhentar og kvaddi Örlygur Hálfðánarson sér hljóðs og sagði frá því að mikil vinna lægi á bak við svona verk því það hefði tekið 10 ár í vinnslu vegna myndatexta sem þurfti að afla rétttra heimilda um og sagði að nú byggju þeir við góðan gagnagrunn eftir þá leit og að lokum þakkaði hann einlæglega fyrir þessa viðurkenningu og það lof sem bókinn hefur fengið innan félagsins.

Inga Kristjánsdóttir lýsti því yfir að því miður hefði enginn íslensk fræðibók fyrir börn og unglínga orðið fyrir fyrir valinu þetta árið, þó hefði bókinn *Hvað er málið* komið til greina en ekki uppfyllt þau skilyrði sem gerð eru til fræðibóka.

Fundarstjóri tilkynnti kaffihlé í 15 mínútur og bað fundargesti að þiggja kaffi í boði félagsins.

Eftir hlé flutti Ingrid Kuhlman fyrirlestur, „*Að öðlast framkvæmdagleði og takast á við frestun*“ og var honum vel tekið.

Að lokum þakkaði formaður fundarstjóra og fundarriturum vel unnin störf, þakkaði einnig þeim sem létu af störfum fyrir félagið vel unnin störf og þá sem gáfu kost á sér til starfa bauð hún velkomna, sérstaklega nýja liðsmenn. Þórdís vék að því að nú væri farið að kvarnast úr þeim þriggja manna kjarna sem verið hefur í stjórn félagsins frá stofnun þess. Varaformaður gefi ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og eftir

ár lyki síðasta kjörtímabil núverandi formanns og gjaldkera. Nokkuð hefur verið um það að stjórnarmenn hætti á miðju kjörtímabili en hún telji mikilvægt fyrir samfellu í störfum félagsins að stjórnarmenn sitji helst tvö kjörtímabil, og að stjórnin hafi falið aðalfundi að kjósa í uppstillingarnefnd fyrir næsta ár þannig að félagsmenn hafi sem mest áhrif á hver tekur við formennsku í félaginu.

Sigrún Klara Hannesdóttir kvaddi sér hljóðs. Hún sagðist dolfallin yfir starfsemi félagsins og óskaði stjórninni til hamingju með gríðarlega góða forystu á faglega sviðinu. Hún þakkaði fyrir gott starf á þessu sviði og bað fólk að klappa fyrir stjórninni.

Þórdís minnti á að máttarstólpar félagsins væru félagsmennirnir sjálfir. Hún sleit síðan fundinum.

Fundargerðina rituðu

Guðbjörg Harðardóttir  
og  
Aðalbjörg Sigþórsdóttir